

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/30/02

frá 18. júlí 2003

um frestun á framkvæmd tilskipunar ráðsins 1999/36/EB að því er varðar tiltekinn færanlegan þrýstibúnað (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 2591)

(2003/525/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/36/EBE frá 29. apríl 1999 um færanlegan þrýstibúnað ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/50/EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nákvæmar tækniforskriftir eru hvorki til um þrýstitromlurnar, hólkasamstæðurnar né tankana, sem um getur í 2. gr. tilskipunar 2003/36/EB, og ekki hefur verið bætt við fullnægjandi tilvísun til viðkomandi Evrópustaðla vegna þessa búnaðar í viðaukunum við tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum færmum á vegum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/28/EB frá 7. apríl 2003 ⁽⁴⁾, eða í tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum færmum með járnbrautum ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/29/EB frá 7. apríl 2003 ⁽⁶⁾. Því ber að fresta framkvæmd tilskipunar 94/55/EB að því er varðar þennan færanlegan þrýstibúnað.
- 2) Í 18. gr. tilskipunar 1999/36/EB er kveðið á um að á 24 mánaða aðlögunartímabili, sem hefst við framkvæmd þeirrar tilskipunar, skuli aðildarríkin leyfa markaðssetningu og notkun færanlegs þrýstibúnaðar, sem samrýmist reglugerðunum sem gilda á yfirráðasvæði þeirra fyrir 1. júlí 2001. Því ber einnig að fresta lokadagsetningu þess tímabils.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum færmum sem komið var á fót skv. 9. gr. tilskipunar 94/55/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Fresta skal framkvæmd tilskipunar 1999/36/EB til 1. júlí 2005 að því er varðar þrýstitromlur, hólkasamstæður og tanka

2. gr.

Aðildarríkin skulu leyfa markaðssetningu og notkun búnaðarins, sem um getur í 1. gr. og samrýmist reglugerðunum sem gilda á yfirráðasvæði þeirra fyrir 1. júlí 2005, í 24 mánuði frá þeim degi og leyfa að slíkur búnaður, sem er settur á markað fyrir þann dag, verði tekinn í notkun síðar.

3. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. júlí 2003.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 183, 22.7.2003, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20, 22.4.2004, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 149, 7.6.2002, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 45.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 47.